

# Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn á skrifstofu Blönduósbæjar, mánuudaginn 5. nóvember 2018, og hófst kl: 17:30-

Mættir: Hjálmar Björn Guðmundsson (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Magnús Valur Ómarsson (Blb.), Jón Jóhannsson, Slökkviliðsstjóri, og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blb., sem jafnframt ritaði fundargerð.

## Fundargerð:

Hjálmar Björn, formaður, setti fund, kl 17:30, og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin samþykkt og undirrituð, en hún hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, eftir síðasta fund.

### 2. Brunavarnaráætlun

Fyrir liggur lokaútgáfa af Brunavarnaráætlun 2019 – 2024, sem unnin hefur verið af Eldor slf., á undanförunum misserum, samkvæmt samningi þar um. Brunavarnaráætlunin hafði áður verið send Slökkviliðsstjóra, til yfirlestrar og athugasemda en er nú til yfirferðar og samþykktar hjá Mannvirkjastofnun. *Áætlunin mun, að því loknu, koma fyrir stjórn til endanlegrar samþykktar.*

### 3. Ársreikningur 2017

Ársreikningur sem unnin hefur verið af KPMG, hefur legið fyrir frá því í júní. Þar kemur fram m.a. að tekjur 2017 voru 18.567.068 og gjöld 20.774.958, Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals – 355.860 og því tap ársins kr: (2.563.750). *Helstu skýringar halla eru fjárfestingar og lántaka ársins 2017. Eftir yfirferð ársreiknings 2017 var hann undirritaður af stjórn og staðfestur.*

### 4. Auglýsing um starf Slökkviliðsstjóra

Rætt var um mögulegar forsendur auglýsingar, um starf Slökkviliðsstjóra, og hvernig auglýsing gæti litið út með tilliti til m.a. starfshlutfalls og fleiri þátta. Einnig hvað önnur störf og starfskyldur gætu verið í boði með auglýstu starfi þannig að hækka megi starfshlutfall og gera starfið áhugaverðara fyrir fleiri. Samþykkt að framkvæmdastjóri leyti frekari upplýsinga og samanburðar frá sambærilegum slökkviliðum, og komi með tillögu að auglýsingu, ásamt með formanni og slökkviliðsstjóra, sem send yrði stjórnarmönnum til umsagnar.

### 5. Önnur mál:

- Athuga þarf með endurskoðun gjaldskrár slökkviliðs, fá uppkast frá J.J.
- Brunahanar – VOH fái verðviðmið hjá Tæknideild, v/fjárhagsáætlunar.

Áætlað er að halda næsta fund, 19., eða 20. nóv., n.k. v/auglýsingar ofl.

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 18:37-

# Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

---

Hjálmar Björn Guðmundsson (sign), Sverrir Þór Sverrisson ( sign),

Magnús Valur Ómarsson (sign), Jón Jóhannsson (sign),

*Blönduósi 5. nóvember 2018*

*Valdimar O Hermannsson (sign)*